

Til Fjárlaganefndar Alþingis.

Umsögn frá Reykjalundi um fjárlagafrumvarp 2024.

Fyrir hönd Reykjalundar og hjúkrunarsambýlisins Hleinar, vil ég þakka fyrir tækifærið að fá að senda umsögn um fjárlagafrumvarið 2024. Við höfum smávægilegar en mikilvægar athugasemdir sem við viljum fá að koma á framfæri:

Reykjalundur

Samkvæmt yfirliti 6-1 í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu fer rekstrargrunnur Reykjalundar úr 2.433 m.kr. árið 2023 í 2.465 m.kr. fyrir árið 2024. Inn í rekstrargrunninn fyrir árið 2024 vantar a.m.k. 52 m.kr. Þá ályktun byggir Reykjalundur á eftirfarandi útreikningum:

- Í rekstrargrunninum fyrir 2023 er að finna 92 m.kr. vegna hækkana á greiðslum til Reykjalundar til að mæta auknum launakostnaði við nýja kjarasamninga. Þessi fjárhæð miðar við 9 mánuðina frá gildistöku nýrra kjarasamninga til ársloka. Á ársgrundvelli er þessi fjárhæð 123 m.kr. og vantar því um 31 m.kr í rekstrargrunninn fyrir árið 2024
- Þegar Reykjalundur fékk hækkunir á greiðslum til sín innan ársins 2023 þá kom fram frá Sjúkratryggingum Íslands að sú hækkun væri til að mæta kostnaði við alla nýja kjarasamninga Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (sem Reykjalundur er hluti að) nema kjarasamninga við Læknafélag Íslands. Ástæðan fyrir því var að ekki lá fyrir kostnaðarmat ríkisins á kjarasamningum þess við Læknafélag Íslands. Því á sú hækkun eftir að koma til Reykjalundar. Fjárhæðin sem vantar í rekstrargrunninn fyrir árið 2024 vegna þessa er um 19 m.kr.
- Samkvæmt þjónustusamning Reykjalundar við Sjúkratryggingar Íslands er gert ráð fyrir að 17% af greiðslum til Reykjalundar hækki miðað við forsendur fjárlaga hvers árs um verðlagshækkunir. Út frá þeim forsendum ætti rekstrargrunnur Reykjalundar að hækka um 34 m.kr.
- Tekið saman þýðir þetta að rekstrargrunnur Reykjalundar fyrir árið 2024 ætti að vera 2.517 m.kr. **og vantar því um 52 m.kr. í fjárlagafrumvarpinu til Reykjalundar.**

Hlein

Samkvæmt yfirliti 6-1 fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu fer rekstrargrunnur Hleinar úr 229 m.kr. árið 2023 í 232 m.kr. fyrir árið 2024. Inn í rekstrargrunninn fyrir árið 2024 vantar 7 m.kr. Þá ályktun byggir SFV á eftirfarandi útreikningum:

- Byggt á sömu forsendum og hjá Reykjalundi hér að ofan þá vantar 4. m.kr. í rekstrargrunn Hleinar vegna kjarahækkana sem komu til innan ársins 2023.
- Út frá forsendum fjárlagafrumvarpsins um verðlagshækkunir ættu greiðslur til Hleinar að hækka um 3 m.kr.
- Tekið saman þýðir þetta að rekstrargrunnur Hleinar fyrir árið 2024 ætti að vera 239 m.kr. **og vantar því um 7 m.kr. í fjárlagafrumvarpinu til Hleinar.**

Að lokum vil ég geta þess að við erum að sjálfsgöðu tilbúin að koma á fund fjárlaganefndar til að ræða nánar efni umsagnarinnar ef óskað er.

Annars óska ég ykkur góðs gengis í ykkar mikilvægu vinnu.



Bestu kveðjur,
Pétur Magnússon
Forstjóri/CEO